

✉ Re: Umsagnarbeiðni

Búið til	4.3.2021 18:03:41
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	4.3.2021 18:03:40
Tilheyrir	 202102-0026 - Fyrirhugaðrar lagningar ljós- og raflagnar OF og Rarik, milli Óss í Breiðdal og Núps í Berufirði, Fjarðabyggð.

Efni

Re: Umsagnarbeiðni

Upplýsingar

Sent	4.3.2021 18:03:40	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

Innihald

<p>Tilvísun í mál nr. 202102-0026 (OKV, LA, IAS)</p> <p>Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 16. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lagningu ljós- og raflögn milli Óss í Breiðdal og Núps í Berufirði, Fjarðarbyggð. Í umsögn skal koma fram hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.</p> <p>Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir greinargerð framkvæmdaraðila sem fylgdi með tilkynningu til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Breiðdalshrepps 2018-2030, en hreppurinn er nú hluti af sveitarfélaginu Fjarðabyggð.</p> <p>Innan framkvæmdasvæðisins eru engin friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá. Leirurnar í Breiðdalsvík eru á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar, en er rétt utan framkvæmdasvæðis. Eins og fram kemur á mynd 1., bls. 3, eru á svæðinu votlendi sem nýtur sérstakrar verndar sk. 61 gr. í lögum um náttúruvernd, selalátur með landselum eru í Hvarfsbót, mikilvæg alþjóðleg fuglasvæði við Berufjarðarströnd og eyjarnar við Breiðdalsvík (https://www.ni.is/node/16124 (https://www.ni.is/node/16124)), https://www.ni.is/node/16207 (https://www.ni.is/node/16207)), og hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Breiðdalshrepps.</p> <p>Hverfisverndin snýr fyrst og fremst að jarðminjum og um hverfisverndarsvæðið stendur á bls. 11 í greinargerðinni: <i>Jarðmyndanir á Hvarfi (Streitishvarfi) og í Snæhvammslandi</i> (nr. 208-HV): <i>Svæðið er tvískipt, sitt hvorum megin Breiðdalsvíkur. Skrúðskambur og samsetti berggangurinn yst á Hvarfi og í Hökulvíkurgili ásamt berginnskoti upp af Snæhvammi og aðliggjandi jarðmyndanir. Allt að 30 m breiður berggangur með þykkum ljósgráum líparítkjarna og göngum úr basalti beggja vegna. Liggur hann neðansjávar norðaustur yfir Breiðdalsvík, kemur þar fram í Hökulvíkurgili og sést einnig í Stöðvarfirði. Á þessum slóðum, ofarlega í</i></p>
--

jarðlagastaflanum innan frá Dýjatindi og út fyrir Miðmorgunshnjúk er afar þykkt innskot úr basalti sem víða myndar fagurlega stuðlaða hnausa og hamrabelti, sem einnig koma fram í Stöðvarfirði (Breiðdalshreppur / Fjarðabyggð, 2018).

Kort sem sýnir samsetta bergganginn við Streitishvarf (úr grein Erikson o.fl. 2011)

Áhrif framkvæmdar á jarðminjar



Samsetti berggangurinn við Streitishvarf er jarðfræðilega áhugaverður staður og þar má sjá hvernig berggangar geta tekið á sig breytta mynd við ákveðnar myndunaraðstæður í jarðskorpunni.

Hægt er að rekja bergganginn við Streitishvarf um 14,7 km leið frá norðri til suðurs. Nyrst kemur hann fram í Hellufjalli í um 400-450 m hæð yfir sjó. Syðsti hluti hans er við Streitishvarf þar sem gangurinn hverfur í sjó.

Samsetti gangurinn er bæði úr basísku og súru bergi. Berggangurinn við Streitishvarf er í heild um 26 m breiður en súri hluti hans er um 10 m þykkur. Rannsóknir sýna að kvikuflæði hefur verið frá norðri til suðurs.

Svæðið hefur mikið vísindagildi fyrir bergfræðilegar rannsóknir sem tengjast rofi megineldstöðva og grunnstæðum kvikurásam (Erikson P.I. et.al. 2011)

Í greinargerðinni kemur fram (bls. 11) að ekki

er fyrir séð að framkvæmdin muni raska jarðminjum á Hvarfi þar sem engar sjáanlegar klappir eru á yfirborði. Hverfisverndin hefur ekki áhrif á efnistöku og fyrirhuguð er að nota sand undir lögnina úr námu með starfsleyfi. Ekki kemur fram hvar sú efnistöka er fyrirhuguð.

Náttúrufræðistofnun telur fulla ástæðu til að vernda þær jarðminjar sem njóta hverfisverndar við Hvarf, eins og berginnskot og bergganga. Ekki er útlit fyrir að framkvæmdin hafi mikil áhrif á samsetta bergganginn við Streitishvarf sem liggur austan við veg og lagnaleið (sjá mynd), en ástæða er til að fara með gát á þessu svæði. Þó að engar klappir séu sjáanlegar á yfirborði getur verið grunnt á bergið og því þarf að fara vel yfir lagnaleiðina með þetta í huga og til að lágmarka rask. Þá þarf að koma fram hjá framkvæmdaraðila hvar fyrirhuguð efnistöka er, áætlað magn og áhrif hennar á jarðminjar.

Áhrif framkvæmdar á fugla

Eyjarnar í Breiðdalshreppur teljast vera alþjóðlega mikilvægir fyrir sjófuglabyggð (≥ 10.000 þör) og Berufjarðarströnd er alþjóðlega mikilvægur vetrardvalarstaður straumanda. (<https://www.ni.is/node/16124>) (<https://www.ni.is/node/16124>), (<https://www.ni.is/node/16207>) (<https://www.ni.is/node/16207>)

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að haga megi framkvæmdum þannig að þær séu utan varptíma til að valda sem minnstu ónæði.

Áhrif framkvæmdar á vistgerðir og plöntur

Vistgerðir

Í greinargerð um framkvæmdina er gerð grein fyrir helstu vistgerðum á svæðinu og verndargildi þeirra: "Helstu vistgerðir sem finnast á svæðinu, samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, eru Eyðimelavist, Grasmóavist, Língresis- og vingulsvist, Ljónslappaskriðuvist, Mosamóavist, Starmóavist, Starungsmýravist, tún og akurlendi (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2017). Af þessum vistgerðum hefur Starungsmýravist mjög hátt verndargildi, en Língresis- og vingulsvist og Grasmóavist hafa hátt verndargildi (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016)."

Náttúrufræðistofnun ítrekar að þarna eru vistgerðir með hátt verndargildi vegna gróðurs og jarðvegs, því þurfi að fara með gát á framkvæmdatíma til að valda sem minnstu jarðraski og skal frágangur miða að því að viðhalda staðargróðri og náttúrulegri ásynd svæðisins.

Plöntur

Plöntuskráningar í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands sýna að sífjarsóley (*Ranunculus islandicus* (*Fagerstr. & Kvist*) *Ericsson*) (Wasowicz 2020) er skráð í grennd við vegstæðið. Skráningin er frá 1970 og er töluverð óvissa um nákvæmni staðsetningar þar sem tegundin hefur ekki verið skoðuð aftur síðan þá. Eftir því sem best er vitað fannst tegundin í bröttum, skriðum ofan vegar við Streitishvarf í um 50-80 m hæð yfir sjávarmáli.

Sífjarsóley hefur fundist á 27 stöðum í 19 landsreitum (10x10 km), hún er á válista og telst vera í nokkurri hættu (VU) (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>) (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>). Á staðreyndasíðu Náttúrufræðistofnunar um tegundina segir að sífjarsóley flokkist sem tegund í nokkurri hættu þar sem vaxtarsvæði tegundarinnar er takmarkað, þ.e. 16-20 km², auk þess sem nýlega var afhjúpað að íslenska tegundin er einlend (<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/ranunculaceae/sifjarsoley-ranunculus-auricomus>) (<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/ranunculaceae/sifjarsoley-ranunculus-auricomus>)).

Um tegundina segir á vef flóru Íslands (<http://www.floraislands.is/ranunaur.html>) (<http://www.floraislands.is/ranunaur.html>): „sjaldgæf sóleyjartegund, fundin á örfáum stöðum á Norðurlandi og á nokkrum stöðum á Austfjörðum. Hún vex að jafnaði í bröttum skriðum til fjalla, oft í grjótskriðum frá láglendi upp í 600 m hæð. Hæst er hún skráð í 680 m í Moldargili við Norðfjörð.“

Að framansögðu má ráða að ekki er hægt að útiloka þann möguleika að sífjarsóley vaxi í þeim skriðum sem vegurinn liggur við í Holuhjöllum. Í greinargerð er gerð grein fyrir þeim vistgerðum sem strenglöggnin fer um og er ljónslappaskriðuvist ein þeirra. Gæti þar verið mögulegt vaxtarsvæði þessarar sjaldgæfu tegundar.

Náttúrufræðistofnun telur ólíklegt að sífjarsóley finnist neðan vegar þar sem strenglöggnin er fyrirhuguð en getur, út frá fyrirliggjandi gögnum, ekki útilokað að tegundin finnist á framkvæmdasvæði. Stofnunin leggur áherslu á að farið verði með gát fari strenglöggnin um brattar, lítt grónar skriður.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að framkvæmdin muni ekki hafa mikil umhverfisáhrif á svæðinu sem um ræðir í greinargerð um lagningu ljós- og raflögn milli Óss í Breiðdal og Núps í Berufirði, Fjarðarbyggð. Þó þarf að fara með mikilli gát á framkvæmdasvæðinu eins og fram hefur komið. Á það sérstaklega við um svæði þar sem Starungsmýrarvist, Língresis- og vingulsvist og Grasmóavist eru að finna. Við Streitishvarf þarf að fara með sérstakri gát í nálægð samsetta berggangsins og þar sem hugsanlegt er að finna sjaldgæfu tegundina sífjarsóley. Þá þarf að taka tillit til varptíma fugla og haga framkvæmdum eftir því.

Að framangreindu uppfylltu, ásamt góðum frágangi, telur Náttúrufræðistofnun Íslands að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Heimildir auk vefsíðna:

Paweł Wasowicz 2020. Annotated checklist of vascular plants of Iceland. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 57. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. DOI: 10.33112/1027-832X.57

Per I. Eriksson a,b,*, Morten S. Riishuus a, Freysteinn Sigmundsson a, Sten-Åke Elming (2011): Magma flow directions inferred from field evidence and magnetic fabric studies of the Streitishvarf composite dike in east Iceland. *Journal of Volcanology and Geothermal Research* 206 (2011) 30–45

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Tinna Jónsdóttir - SLS" <Tinna.Jonsdottir@skipulag.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Umsagnarbeiðni
Date: 16.2.2021 10:03:33

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna fyrirhugaðrar lagningar ljós- og raflagnar OF og Rarik, milli Óss í Breiðdal og Núps í Berufirði, Fjarðabyggð, ásamt greinargerð. Frestur til að skila inn umsögn er til 4. mars n.k. Gögnin eru eingöngu send rafrænt í samræmi við beiðni Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Með kveðju/Kind regards,

Tinna Jónsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.emz (2 KB)
image003.png (48 KB)
image004.jpg (23 KB)
image002.png (2 KB)
image005.png (11 KB)